

# Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs

## 42. fundur

**haldinn í Ráðhúsinu Fellabæ, 23. júní 2011**

**Mættir:** Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

**Gestir fundarins:** Bjarni Pálsson og Jóhann G. Gunnarsson frá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar. Aðalsteinn Jónsson og Dagbjartur Jónsson frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

### Dagskrá:

1. Verndaráætlun - veiðar
2. Önnur mál

*Björn Ármann stýrði fundi, bauð gesti velkomna og setti fund kl. 17.00. Svæðisráðsmenn undirrituðu fundargerð síðasta fundar sem hafði verið samþykkt gegnum tölvupóst. Gengið var til dagskrár.*

### 1. Verndaráætlun - veiðar

Björn Ármann opnaði umræður um veiðikaflann (9.5) í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Jóhann G. sagði að hann og þjóðgarðsvörður væru búin að tala sig saman um að í umslag með veiðileyfum fyrir hreindýr sem send verða út um mánaðamótin næstu færi upplýsingabréf frá þjóðgarðinum og kort af griðlandinu og þjóðgarðsmörkum. Slíkar upplýsingar færu einnig til leiðsögumanna.

Bjarni sagði að mögulegt yrði bráðlega að senda upplýsingar til veiðimanna gegnum tölvupóstkerfi Umhverfisstofnunar sem byggir á veiðikortum því að um 2/3 veiðikortshafa hefðu samþykkt að fá frekari upplýsingar um veiðar sendar í tölvupósti. Það samsvarar til 7-8000 veiðimanna sem er svipað hlutfall og þeirra sem skila skýrslum með einhverjum veiðitölum. Þjóðgarðsvörður verður í sambandi við Bjarna vegna þessa. Stefnt að því að gera upplýsingar þessar aðgengilegar á heimasíðu þjóðgarðsins og senda þá hlekk á þær með tölvubréfi til veiðimanna.

Fjallað var um 15. ágúst seinkunina á hreindýraveiðum á Vesturöræfum og griðlandið við Snæfell. Í máli fulltrúa Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum kom fram að þeir teldu friðunina við Snæfell óþarfa en sýndu seinkuninni til 15. ágúst fullan skilning. Rætt var um hvort betra hefði verið að hafa ákvæði um undanþágur og ákvarðanavald þjóðgarðsvarðar þar að lútandi inn í áætluninni frekar en hreint veiðibann og fastar dagsetningar. Farið var yfir rökin að baki griðlandinu og 15. ágúst seinkuninni.

Frjóar umræður sköpuðust um hreindýraveiðar bæði innan þjóðgarðs og utan og fyrirkomulag þeirra. Tóku allir fundarmenn til máls og lýstu skoðunum sínum og sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Fram kom í umræðum að gott væri ef að mörk þjóðgarðsins, griðlands og sömuleiðis slóðir sem leyfð er umferð á yrðu aðgengileg sem fyrst á heimasíðu þjóðgarðsins í formi korta og ferla fyrir ratvélar (GPS-tæki). Þjóðgarðsvörður og Einar ætla að kanna hvort það sé ekki gerlegt. Einnig sagðist þjóðgarðsvörður ætla að sjá til þess að lokaðar slóðir innan þjóðgarðs verði greinilega merktar áður en veiðitíminn hefst.

Rætt var um hvernig haga ætti samskiptum milli leiðsögumanna með hreindýraveiðum og starrfsmanna þjóðgarðsins. Gagnkvæmur vilji kom fram til

áframhaldandi góðra samskipta eins og hefðu byggst upp á síðasta ári með miðlun upplýsinga milli leiðsögumanna og landvarða.

Fundarmenn voru sammála um að fundur sem þessi væri mikilvægt skref til aukins samráðs. Ákveðið að stefna að fundi svæðisráðs, fulltrúa veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar og Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum aftur þegar veiðitímanum lýkur í haust til að fara yfir málin.

Björn Ármann þakkaði gestum fyrir komuna og þeir yfirgáfu fundinn.

## **5. Önnur mál.**

### **a) Fundur með skotveiðimönnum**

Ákveðið að óska eftir fundi 21. júlí í Snæfellsstofu kl. 17 með fulltrúum SKAUST, SKOTVÍS til að ræða fuglaveiðar innan þjóðgarðsins. Samþykkt að bjóða einnig formanni Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum að sitja fundinn.

### **b) Sumarferð svæðisráðs**

Verður rædd á næsta fundi.

### **c) Vörðurnar á Fljótsdalsheiði**

Hluti af svæðisráði var viðstaddur þá athöfn þegar vörður sem tákna eiga „hlið“ að Vatnajökulþjóðgarði voru afhjúpaðar innan við Laugará þann 21. júní sl. Vörðunum var valinn staður við Kárahnjúkaveg innan við Laugará nokkru norðan við veginn inn með Laugarfelli. Jóhann F. sagði frá því að sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefði bókað um staðsetningu á vörðunum þar sem ákveðin óánægja hefði komið fram um staðsetningu þeirra. Skarphéðinn benti á að hann hefði sett inn tengingu á heimasíðu Náttúrustofu Austurlands á ritgerð hugmyndasmiðsins á bak við vörðurnar sem er í dag starfsmaður Vatnajökulþjóðgarðs.

### **d) Jaðarsvæði við Háslón**

Rætt um jaðarsvæðið milli Háslóns og þjóðgarðsmarka. Björn Ármann sagði stjórn þjóðgarðsins ætla að taka jaðarsvæði fyrir sérstaklega og móta stefnu varðandi þau.

### **e) Jeppaferðir Útivistar í maí á Austursvæði þjóðgarðsins**

Þjóðgarðsverði hafa borist ábendingar um að í skipulögðum jeppaferðum á vegum Útivistar í maíþyrjun hafi verið ekið eftir slóðum innan þjóðgarðs sem voru lokaðir. Þjóðgarðsverði falið að senda fyrirspurn til framkvæmdastjóra Útivistar.

### **f) Bílamál á Austursvæði**

Svæðisráð lýsir yfir áhyggjum sínum af því að þjóðgarðsvörður og landsverðir á Austursvæði hafi ekki til umráða bíla á nógu stórum dekkjum til að komast um allar þær slóðir sem þeir þurfa að passa. Formanni falið að taka málið upp innan stjórnar.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00*

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson

Einar Kr. Haraldsson